



Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Vor 2009

Félag kvenna í fræðslustörfum

Frá ritnefnd

Það vorar í lofti, lóan syngur durrindí og framundan er mikill annatími skólafólks víðs vegar um land áður en skólahurðirnar skella aftur.

Kjörtímabili þessarar ritnefndar er nú lokið og hún skilar af sér sínu fjórða og síðasta fréttabréfi.

Í bréfinu eru hefðbundnar fréttir af starfi deilda, pistill landssambandsforseta og kynning á landssambandsþinginu, sem í vor verður haldið á Hallormsstað. Efni þingsins er að venju mjög áhugavert, en fjallað verður um fyrstu starfsár kennarans og rannsóknir þar að lútandi.

Á síðustu árum hefur orðið gjörbylting í möguleikum landbyggðarfólks til framhaldsnáms. Háskóla- og fræðslusetur hafa verið sett á stofn víða um land og möguleikar í fjarnámi hafa margfaldast og keppast háskólar nú við að bjóða fjölbreytt fjarnám.

Við fengum tvo Vestfirðinga til að skrifa stuttar greinar um fjarnám og háskólasetur. Anna Guðrún Edvarðsdóttir fjallar um háskólanám á landsbyggðinni og þau áhrif sem slíkt nám hefur á byggðaþróun. Grein Mörthu Lilju Marthensdóttur Olsen er um Háskólasetur Vestfjarða, en þar fer fram bæði frumgreinanám og meistaranám auk fjölbreyttra námskeiða og fyrirlestra.

Ljóst er að landsbyggðarfólk bindur miklar vonir við áframhaldandi þróun háskóla-starfs í heimabyggðum sínum. Heimamenn sækja sér menntun og réttindi, en einnig koma nemendur og kennarar hvaðanæva að til kennslu, náms og rannsókna.

Hér á Ísafirði má nú sjá á götunum fólk frá ýmsum heimshornum, sem stundar meistaranám í Háskólasetrinu og eykur sannarlega við menningarfjölbreytnina í bæjarlífinu. Margir þessara útlendinga hafa tekið virkan þátt í samfélaginu, haldið ballettsýningar, eru sjálfboðaliðar hjá RKÍ, hafa stofnað til mömmumorgna og svo mætti áfram telja.

Við sendum öllum DKG-konum bestu sumarkveðjur og vonum að þær njóti hvíldar og samvistar við fjölskyldur sínar á komandi sumri.

Um leið og við lokum ritstjórnarskrifstofunni viljum við þakka öllum þeim konum sem sent hafa okkur efni í ritin.

Bryndís Friðgeirsdóttir
Jóna Benediktsdóttir
Sigríður Ragnarsdóttir



Fréttabréfið er sett upp í forritinu Publisher og prentað hjá Prentmet

Anna Þóra Baldursdóttir
landssambandsforseti



Pistill landssambandsforseta

Kæru félagar í Delta Kappa Gamma.

Á haustdögum 2007 færði ég í letur fyrsta pistil í Fréttabréfið sem landssambandsforseti. Nú er strax komið að því að færa í letur síðasta pistilinn. Það virðist ótrúlegt og svo virðist sem tíminn hafi liðið með ógnarhraða. Í starfi landsambandsins hafa engir stórvíðburðir átt sér stað á þessu starfstímabili sem senn er á enda en ýmislegt hefur þó verið unnið. Endurskoðaður kynningarbæklingur er væntanlegur, lögín hafa verið yfirfarin og þýdd á ensku að ósk alþjóðaskrifstofunnar, handbókin er í endurskoðun og lýkur því verki á tímabilinu, Fréttabréfið hefur verið öflugt og heimasíðan hefur vaxið og dafnað, en umfram allt hefur starf deilda verið með blóma. Tvö starfstímabilin þar á undan voru viðbuðarrík, Evrópuþingið í Reykjavík og 30 ára afmæli samtakanna hér á landi. Ég sagði í pistlinum haustið 2007 að krafturinn sem nýliðnum starfstímabilum fylgdi, væri gott veganesti við upphaf nýs starfstímabils. Svo reyndist vera og deildir hafa átt gott og gjöfult starf og allmargir nýir félagar hafa bæst í hópinn.

Framundan er landssambandsþing sem haldið verður að Hallormsstað dagana 16. og 17. maí. Þær Zeta-konur hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi þingsins og stendur vinnan nú sem hæst. Þema þingsins er nýi kennarinn og er yfirskrift þess *Fyrstu starfsár kennarans, reynsla og rannsóknir – leikni og leiðsögn*. Áhugavert verður að hlusta á fyrirlesara þingsins sem gera grein fyrir rannsóknum sínum í íslenskum skólum um þetta viðfangsefni, heyra um skoðanir skólafólks fyrir austan og um reynslu nýbrautskráðra kennara þar um slóðir. Góður tími verður gefinn til skoðanaskipta. Við eigum von á góðum gesti frá alþjóðaskrifstofunni, Jacklynn Cuppy, fyrrverandi alþjóðaforseta, sem margar félagskonur hafa hitt persónulega, en hún var fulltrúi á landssambandsþingi í Reykjavík sem haldið var í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar.



Það er von landssambandsstjórnar að þátttaka verði góð og að við njótum þinghaldsins, en einnig fallegrar náttúru þar eystra og notalegrar samveru hver með annarri. Með þetta síðastnefnda í huga, fletti ég upp í bók sem ber heitið *Gullkorn dagsins, fleyg orð og erindi*, og fann 16. maí. Það stendur: *Fegursta blóm jarðar er brosið*. Það er gott veganesti að hafa í huga. Vil ég hvetja félagskonur til þess að bóka sig á ráðstefnuna og til gistingar og minni þær sem búa á Reykjavíkursvæðinu á hópferðina. Allar upplýsingar eru á heimasíðunni okkar (<http://dkg.muna.is>), hjá formönnum deilda og stjórn landssambandsins, auk þess hér í þessu Fréttabréfi.

Framundan er einnig Evrópuráðstefnan í Osló dagana 5.–8. ágúst nk. Þegar hafa einar 8–10 konur lýst áhuga á að fara og líklegt er að þrjár konur verði með málstofur og Eygló Björnsdóttir, vefstjórinn okkar, verður með tölvunámskeið eins og í London 2007. Að því námskeiði var gerður svo góður rómur að Evrópusamtökin óskuðu eftir því við hana að halda aftur námskeið í tengslum við Oslóarráðstefnuna. Við erum að vonum stoltar af okkar konu.

Þótt líði nú að lokum þessa starfstímabils er of snemmt að þakka og færa fram óskir. Tækifæri gefst til þess á landssambandsþinginu í maí, ekki síst að óska nýrri stjórn, sem þar verður kosin, velfarnaðar í starfi.

Þangað til er það von mín að við njótum lokafunda í deildum sem líður nú senn að hjá flestum deildum og látum okkur hlakka til landssambandsþingins sem framundan er.

Akureyri í apríl 2009.

Anna Þóra Baldursdóttir.
forseti landssambands DKG á Íslandi



Anna Guðrún Edvardsdóttir Iotadeild



Nokkrar hugleiðingar um háskólanám og byggðapróun

Hlutverk háskóla á Íslandi er að mennta þegna íslensks samfélags (Lög um háskóla, 2006). Því er nauðsynlegt að skoða hvort og þá hvernig háskólar hafa stuðlað að eflingu háskólamenntunar á Íslandi. Eitt af því sem háskólar hafa gert er að efla fjarnám á háskólastigi og nú er svo komið að flestir háskólar í landinu bjóða allt eða hluta af námi sínu í fjarnámi (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2001). Einnig stuðlar Háskóli Íslands að öflugu rannsóknarstarfi á landsbyggðinni í gegnum stofnun Fræðasetra Háskóla Íslands sem staðsettar eru víðs vegar um landið.

Fjarnám er ekki nýtt af nálinni á Íslandi. Það má segja að fjarkennsla hafi hafist á Íslandi árið 1931 en þá hóf Ríkisútvarpið kennslu í ensku og þýsku. Nokkrum árum síðar bættust svo danska og íslenska við. Næsta fjarnám var Bréfaskóli SÍS sem var stofnaður 1940, síðar Bréfaskóli SÍS og ASÍ sem starfaði frá 1965 – 1974 og loks Bréfaskólinn frá 1974. Markmið bréfaskólanna, eins og útvarpskennslunnar, var að ná til fólks sem ekki hafði tök á að sækja skóla (Þuríður J. Kristjánsdóttir o.fl, 2007). Kennaraháskóli Íslands (nú menntavísindasvið Háskóla Íslands) á sér lengstu sögu um fjarnám á Íslandi, allt frá árinu 1971. Það fjarnám starfaði með hléum allt til ársins 1993 er Kennaraháskólinn hóf að kenna fjarnám með aðstoð tölvutækninnar. Um var að ræða nám til grunnskólakennaraprófs og var það fyrst og fremst hugsað sem jafnrétti til náms og að gera fleirum kleift að mennta sig en þeim sem bjuggu í nánd við skóla (Þuríður J. Kristjánsdóttir o.fl. 2007).

Á þeim sextán árum sem fjarnám hefur verið við lýði í Kennaraháskóla Íslands hefur mikið breyst. Það sem stendur upp úr í því sambandi er að áður fyrr var fjarnám úr-ræði fyrir fólk á landsbyggðinni en nú er það val hvers einstaklings hvort hann kys að stunda fjarnám eða staðnám, búseta skiptir ekki máli lengur (Þuríður J. Kristjánsdóttir. o.fl, 2007). Fjarnám við Háskólann á Akureyri hefur verið í gangi í nokkur ár. Þar er hægt að taka sumar námsleiðir í fjarnámi og er aðallega notast við fjarfundar-búnað.



Um er að ræða staðnám, því nemendur mæta í kennslustundir þar sem fjarfundar-
búnaður er staðsettur og taka þannig þátt í kennslunni hvar sem þeir eru staddir á
landinu (Anna Ólafsdóttir, 2004).

Konur hafa nýtt sér möguleika til að afla sér menntunar í meira mæli en karlar og nú
er svo komið að fleiri konur stunda háskólanám almennt en karlar. Þær hafa einnig
nýtt fjarnámsmöguleikann í meira mæli en karlar og stunda nám í sinni heimabyggð
(Hagstofa Íslands, 2006).

Samkvæmt Bygðaaætlun ættu líkurnar á því að þær haldi áfram að búa í heima-
byggðinni að aukast eftir að námi lýkur, standi þeim til boða störf við hæfi. Vegna
þess hve atvinnulíf á landsbyggðinni er fábreytt er því ekki alltaf að heilsa. Niður-
stöður rannsókna benda til þess að fjölskyldur séu líklegri til að flytja á brott ef
konurnar eru óánægðar í starfi og þó að atvinna ráði miklu um það hvar fólk vill búa
skiptir fjölbreytni á flestum sviðum og aðgengi að ýmsum kostum sem í boði eru í
samfélaginu máli í þessu sambandi (Bygðaaætlun, 2006).

Þó svo að konur afli sér meiri menntunar en karlar er erfiðara fyrir þær að gera sig
gildandi í strjálbýli en þéttbýli. Konur eiga erfiðara með að komast til áhrifa, fá
lykilstöður í litlum samfélögum og hafa lítinn aðgang að auðlindum svæðisins. Rann-
sóknir hafa sýnt að samfélög á landsbyggðinni eru „karllægari“ en stærri þéttbýli.
Það þýðir að þau viðmið og gildi sem eru ríkjandi og gengið er út frá eru karllæg. Í
slíkum samfélögum er rödd kvenna veik (Pini, 2006, Hulda Proppé, 2004). Það getur
leitt til óánægju kvenna með stöðu sína, aukin menntun þeirra fleytir þeim ekki
þangað sem þær vonuðust eftir og því ákveði þær að flytja. Ýmsar rannsóknir styðja
þetta en þær sýna að þegar skoðuð eru áform ungs fólks í dreifðum byggðum kemur í
ljós að fleiri stúlkur en strákar áforma að flytja úr strjálbýli í þéttbýli og þær eru
líklegri til þess að standa við slík áform. Ýmsir þættir hafa áhrif á þetta og hefur kyn-
skiptur vinnumarkaður í strjálbýli verið nefndur sem einn þátturinn. Hin hefðbundnu
kvennastörf einkennast af lágum launum og lítilli virðingu. Þá eru menntunaráform
stúlkna oft meiri en stráka og þær eru líklegri til að vinna við þjónustugreinar sem
aðeins eru í boði í þéttbýli (Þóroddur Bjarnason, 2004). Þess vegna er svo mikilvægt
að skoða hvað verður um það fólk sem lýkur háskólanámi í heimabyggð og hvort það
fái störf við hæfi.

Hluverk háskóla er að mennta fólk en hvað tekur við eftir að námi lýkur hefur ekki
verið á þeirra könnu. Það er hins vegar lykilatriði í uppbyggingu byggða á lands-
byggðinni að fólk fái þau störf sem það hefur menntað sig til, annars aukast líkurnar
á því að fólk flytji. Ef svo er í pottinn búið, þá hefur efling háskólanáms í heima-
byggð ekki komið í veg fyrir fólksflutning, einungis frestað honum um einhver ár.

Heimildaskrá

Alþingi. 2007. Lög um háskóla nr. 63/2006. Sótt 1. mars 2008 af slóðinni <http://www.althingi.is/lagas/134/2006063.html>

Anna Ólafsdóttir. 2004. Mat á notkun upplýsinga-og samskiptatækni í námi og kennslu í Háskólanum á Akureyri. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 147-167.

Hagstofa Íslands. 2006. Sótt 29. febrúar 2008 af slóðinni www.hagstofa.is

Hulda Proppé. 2004. „Hér er ég, bara kyngdu því“ – rými, vald og andóf í íslenskum sjávarbyggðum. *Kynjafræði – Kortlagningar*, 293-312.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. 2006. *Þingsályktun um stefnumótandi byggða-áætlun fyrir árin 2006-2009*.

Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2001. Háskólamenntun og búseta. *Uppeldi og menntun*, 10 (1), 129-147.

Pini, Barbara. 2006. A critique of □ new □ rural local governance: The case of gender in a rural Australian setting. *Journal of Rural Studies*, 22, 396-408.

Þóroddur Bjarnason. 2004. Leiðin að heiman. Forspárgildi viðhorfa unglunga fyrir búsetuþróun á Íslandi. *Rannsóknir í félagsvísindum V*, 303-314.

Þuríður J. Kristjánsdóttir o.fl. 2007. Örsaga fjarnáms til grunnskólakennaraprófs við Kennaraháskóla Íslands. *Þekking-Þjálfun-Þroski. Greinar um uppeldis-og fræðslumál. 30 ára afmælisrit Delta Kappa Gamma, félags kvenna í fræðslustörfum á Íslandi*, 37-46.



Fyrstu ljósmæðurnar sem útskrifuðust úr fjarnámi á Ísafirði vorið 2004.

Martha Lilja Marthensd. Olsen

kennslustjóri Háskóla Vestfjarða



Háskóla Vestfjarða – háskólastofnun í sókn

Háskóla Vestfjarða var stofnað árið 2005 og tók formlega til starfa þann 1. janúar 2006. Stofnunin er sjálfseignarstofnun sem er rekin af fjármagni frá íslenskum stjórnvöldum en yfir 40 fyrirtæki og stofnanir á Vestfjörðum sem og allir háskólarnir á Íslandi eru stofnaðilar að Háskóla Vestfjarða. Setrið er stofnað í kjölfar háværrar kröfu Vestfirðinga um háskólanám í heimabyggð en þó var mjög óljóst hvað stofnunin ætti í raun að gera og var því starfið og hlutverkið mjög ómótað þegar stofnunin tók til starfa. Það eina sem var fast í hendi var að Háskóla Vestfjarða ætti að hafa umsjón með fjarnámi á Vestfjörðum, þ.e. þeir Vestfirðingar sem stunda fjarnám við háskóla víðs vegar um landið (og jafnvel heiminn) ættu að hafa aðgang að Háskóla Vestfjarða, bæði fyrir námsaðstöðu, til að sækja fjarfundi og til að taka próf.

Það var ljóst að Vestfirðingar báru miklar væntingar til Háskóla Vestfjarða og krafan var sú að hér yrði um alvöru háskólastofnun að ræða og staðbundnu háskólanámi í heimabyggð yrði komið á fót.

Fyrsta starfsárið snerust nánast öll umsvif Háskóla Vestfjarða um fjarnám við aðra háskóla og að þjónusta vestfirska fjarnema eins vel og kostur var. Fyrir utan það fór tíminn svo að mestu í þróunarvinnu þar sem mikið starf var fyrir höndum, þ.e. að móta og byggja upp háskólasamfélag á Vestfjörðum. Þegar stofnunin hóf starfsemi, þann 1. janúar 2006 voru starfsmennirnir þrír. Í nóvember 2007 voru starfsmennirnir orðnir fimm en í dag eru fastir starfsmenn sjö, en að meðtöldum stundakennurum við stofnunina telur hún samtals sautján stöðugildi. Það hefur því mikið vatn runnið til sjávar undanfarin þrjú ár en umsjón með fjarnámi er þó ennþá að sjálfsgöðu stór þáttur í starfsemi.



Í janúar 2008 hófst í fyrsta skipti staðbundin kennsla við Háskóla Vestfjarða. Þar var um að ræða frumgreinanám, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Samstarfið fólst í því að Háskóla Vestfjarða samdi við Háskólann í Reykjavík um að kenna frumgreinanámið þeirra hjá Háskóla Vestfjarða. Þannig komu námskeiðslýsingar tilbúnar frá HR en kennarar Háskóla Vestfjarða sáu um alla kennslu. Tilgangur með því að koma á frumgreinanámi (sem er lánshæft við LÍN) var að gefa fólki sem hafði verið lengi úti á vinnumarkaði en hafði ekki klárað formlegt nám, tækifæri til að ljúka námi sem gæfi þeim tækifæri til að komast í háskólanám, þ.e. auka menntunarstig á Vestfjörðum. Höfuðmarkmiðið var því að fjölga fólki á Vestfjörðum sem ætti kost á að sækja háskólanám. Það er skemmst frá því að segja að í desember er fyrsti hópur frumgreinanema að fara að útskrifast hjá Háskóla Vestfjarða og allir stefna nemendurnir á áframhaldandi nám í háskólum landsins og flestir stefna þeir á að reyna að sækja háskólanám í heimabyggð og því er mjög mikilvægt að íslenskir háskólar haldi áfram að efla fjarnám þar sem það verður ekki sagt nægilega sterkum orðum hversu mikilvægt það er fyrir landsbyggðina að í boði sé raunhæft og öflugt fjarnám á háskólastigi.

Næsta skrefið í þróun og starfsemi Háskóla Vestfjarða er jafnframt það stærsta og mikilvægasta hingað til. Í september 2008 hófst kennsla í háskólanámi á meistarastigi við Háskóla Vestfjarða. Um er að ræða meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun, en það er meistaranám í auðlindastjórnun og útskrifast nemendur með svokallaða MRM gráðu (Master of Resource Management). Námið í haf- og strandsvæðastjórnun er að öllu leyti þróað og búið til við Háskóla Vestfjarða og er öll framkvæmd námsins í höndum starfsmanna Háskóla Vestfjarða. Námið er hins vegar samstarf Háskóla Vestfjarða og Háskólans á Akureyri, sem ber ábyrgð á að námið sé viðurkennt nám á háskólastigi þar sem Háskóla Vestfjarða er ekki viðurkennt stofnun á háskólastigi og hefur því ekki rétt á að útskrifa nemendur á háskólastigi. Nemendur í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskóla Vestfjarða eru því formlega skráðir í Háskólann á Akureyri og verða útskrifaðir þaðan. Þannig eru nemendur öruggir um að námið þeirra er alþjóðlega viðurkennt sem meistaranám á framhaldsháskólastigi. Námið er kennt í þriggja vikna lotum, þar sem í hverri þriggja vikna lotu ljúka nemendur einu námskeiði (sem telur 6 ECTS einingar). Nemendur ljúka samtals 15 námskeiðum á einu ári (þremur önnum) og hafa þá lokið 90 ECTS einingum og tekur þá við vinnsla lokaverkefnis sem telur 30 ECTS. Kennarar í náminu koma frá hinum ýmsu löndum og eru þeir allir viðurkenndir og virtir sérfræðingar á sínu sviði. Fyrstu nemendurnir eru nú í maí 2009 að hefja nám sitt á þriðju önninni og munu hafa verið á Ísafirði við nám í eitt ár þegar sumarönninni lýkur í lok ágúst, en þá tekur við hjá þeim vinnsla lokaverkefnis og nýr hópur meistaranema hefur þá um leið nám við Háskóla Vestfjarða.



Meistaránámið í Haf- og strandsvæðastjórnun hefur verið mikil lyftistöng fyrir Háskóla­setur Vestfjarða og um leið Ísafjörð og Vestfirði og hefur rækilega komið stofnuninni á kortið sem háskólastofnun sem vandar til verka og býður upp á há­gæðaháskólanám. Nemendurnir hafa sett mikinn svip á bæjarlífið á Ísafirði og þessi tilraun hefur svo sannarlega sýnt að það er langt frá því nauðsynlegt að allt háskóla­nám sé í kallfæri við höfuðborgarsvæðið. Nemendur Háskóla­seturs Vestfjarða koma flestir erlendis frá og eru þeirra á meðal útskrifaðir nemendur frá Yale og Harvard í Bandaríkjunum. Umsóknir í námið fyrir skólaárið 2009-2010 eru að nálgast 100, en 20 nemendur verða teknir inn og því er ljóst að úr góðum umsóknum er að velja, en umsóknarfrestur fyrir nemendur innan EES svæðisins (þar á meðal íslenskir umsækj­endur) hefur verið framlengdur til 5.júní.

Hér hefur verið gefin innsýn í þróun Háskóla­seturs Vestfjarða í þá átt að verða viður­kennd alþjóðleg stofnun á háskólastigi. Það er auðvitað mikið verk óunnið ennþá en það hefur líka mikið áunnist á þeim stutta tíma sem stofnunin hefur starfað. Fyrir þá lesendur sem hafa áhuga á að kynna sér nánar starfsemi Háskóla­setursins er bent á heimasíðu setursins, www.hsvest.is

Martha Lilja Marthensd. Olsen,
kennslustjóri Háskóla­seturs Vestfjarða



Fyrrverandi alþjóðaforseti, Nadine Ewing, látin

Fyrrverandi alþjóðaforseti, (1976-1978), Nadine Ewing, lést sunnudaginn 8. mars. Nadine fæddist í Clinton, Iowa, 13. desember 1912. Hún starfaði lengst af í Joliet í Illinois og var síðustu árin skólastjóri Taft Elementary skólans í Joliet. Nadine gekk til liðs við samtökin árið 1959 og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sam­tökin þessi fimmtíu ár. Hún hlaut „International Achievement Award“ viðurkenn­inguna árið 1979.





Heimasíðan okkar er : <http://dkg.muna.is>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://deltakappagamma.net>



Fróðleikskorn

The Delta Kappa Gamma Society International eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslu-störfum sem voru stofnuð af 12 konum í Austin í Texas 1929. Höfuðstöðvar samtakanna eru í Austin og þar er [heimasíðu](#) Delta Kappa Gamma Society International ritstýrt. Alþjóðasamtökin hafa nú landsdeildir í mörgum þjóðlöndum auk Bandaríkjana.

Íslenska landsdeildin var stofnuð árið 1975 með Alfa - deild í Reykjavík en lands-sambandið var stofnað 1977. Íslenska landssambandið tilheyrir Evrópusvæði sem stofnað var 1998. Á Íslandi eru starfandi tíu deildir, þrjár eru á höfuðborgarsvæðinu og ein í hverjum landshluta þ.e. á Akureyri, á Vesturlandi, á Suðurlandi, á Austur-landi, á Suðurnesjum og á Vestfjörðum. Deildirnar starfa sjálfstætt og halda a.m.k. fjóra fundi á ári.

Deildirnar mynda landssamband og er haldið landssambandsþing annað hvert ár á oddatölu. Landssambandið gefur út fréttabréf tvisvar á ári. Konum er boðin þátttaka í Delta Kappa Gamma samtökunum. Þær sem ganga í samtökin hljóta full réttindi sem félagar í deild, landssambandi og alþjóðasamtökunum. Nýjar deildir eru stofnaðar við háttíðlega athöfn og einnig eru nýir félagar teknir inn í starfandi deildir með viðhöfn.

Delta Kappa Gamma á Íslandi
Landssambandsþing haldið að Hallormsstað
16.–17. maí 2009

Skráningarfrestur er til og með 1. maí

Pátttaka tilkynnist til Bjargar Þorvaldsdóttur: vs. 477 1105/GSM 863 1932/ bjorg@skolar.fjardabyggd.is

Gisting og fæði: s. 471 1763/graihundurinn@simnet.is

Hópfærð frá Reykjavík 15. maí: Ingibjörg Einarsdóttir, GSM 664 5814/ ingibje@hafnarfjordur.is

Gisting á Hallormsstað

Miðað er við einn einstakling og gistingu í tveggja manna herbergi. Aukagjald er kr. 4.000.- á nóttina fyrir þær sem vilja vera í eins manns herbergi.

Gisting og fæði

Föstudagur 15. maí

Verð kr. 5.500.- á mann

Inni í verðinu er:

Léttur kvöldverður

Gisting fyrir einn í tveggja manna herbergi

Morgunverður á laugardagsmorgun.

Laugardagur 16. maí

Verð kr. 14.900.- á mann

Inni í verðinu er:

Hádegisverður

Kaffi á fundum

Meðlæti á kaffitíma (tvær tegundir)

3ja rétta kvöldverður

Gisting fyrir einn í tveggja manna herbergi

Morgunverður á sunnudagsmorgun

Hádegisverður á sunnudag.



Verð á einstökum máltíðum ef ekki er gíst á hótelinu:

Hádegismatur laugardag 1500

Kaffi á fundinum og meðlæti á kaffitíma (tvær tegundir) 800

Kvöldmatur laugardag 5200

Hádegismatur sunnudag 2000.

Ef komið er á föstudegi er kostnaður fyrir gistingu og fæði fram á sunnudag kr. 20.400.- á mann miðað við gistingu í 2ja manna herbergi.

Engin drykkjarföng eru í tilboðinu. Mögulegt er fyrir konur sem ekki gista á hótelinu að kaupa einstaka máltíðir. Nánari upplýsingar um það síðar.

Hópfarð frá Reykjavík

Stjórn landssambandsins efnir til hópfarðar með rútu á þingið frá Reykjavík fyrir þær félagskonur sem geta nýtt sér það. Verðið er miðað við að fylla 30 manna rútu og er kr. 12.300.- Reykjavík-Hallormsstaður-Reykjavík. Áætlað er að leggja af stað frá Reykjavík föstudaginn 15. maí, um hádegisbil eða fljótlega upp úr því, og að haldið verði af stað til Reykjavíkur aftur að afloknum hádegisverði á sunnudag. Nánari upplýsingar um stað og stund koma síðar.

Fyrir konur sem koma með flugi getur verið hagkvæmt að slá saman í leigubíl inn að Hallormsstað, en það tekur um hálf klukkustunda að aka þangað frá Egilsstöðum. Einnig er hægt að fá bílaleigubíla á flugvöllinum.

Með von um góða þátttöku!



Delta Kappa Gamma á Íslandi
Landssambandsþing haldið að Hallormsstað
16.–17. maí 2009

Dagskrárrög
Fyrstu starfsár kennarans
- reynsla og rannsóknir - leikni og leiðsögn -

Dagskrá fræðsludags


Laugardagur 16. maí

- | | |
|-------------|--|
| 9.30 | Skráning – morgunhressing. |
| 10.00–10.15 | Setning þingsins

Anna Þóra Baldursdóttir forseti landssambandsins
Tónlistaratriði úr smíðju Héraðsmanna. |
| 10.15–11.15 | Íslenskar rannsóknir um nýbrautskráða grunnskóla-kennara
Lilja M. Jónsdóttir og María Steingrímisdóttir segja frá rannsóknnum sínum. |
| 11.20–12.00 | Hringborðsumræður með hópstjórum og riturum. |
| 12.00–13.00 | Matarhlé. |
| 13.00–13.10 | Ljóðalestur – Að austan
Sigurvegarar úr <i>Stóru upplestrarkeppninni</i> lesa upp ljóð eftir austfirsk skáld. |



- 13.15–14.00 1. **Nýi kennarinn:** tveir til þrír brautskráðir kennarar á Austurlandi segja frá reynslu sinni.
2. **Viðhorf stjórnenda:** Jarþrúður Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi við Skólaskrifstofu Austurlands, og Ruth Magnúsdóttir, aðstoðarskólastjóri við Grunnskóla Egilsstaða, fjalla um hvernig nýir kennarar eru studdir fyrstu skrefin og hvernig stjórnendur sjá fyrir sér umbætur á gildandi stöðkerfi.
- 14.00–14.30 Hringborðsumræður í nýjum hópum um undirbúnaðar spurningar sem tengjast framlagi kennara og stjórnenda í dagskránni á undan.
- 14.30–15.00 **Kaffi.**
- 15.00–15.30 **Pallborðsumræður.**
- 15.30–15.50 **Samantekt og eftirþankar:**
Gerður G. Óskarsdóttir og Valgerður Magnúsdóttir.
- 15.50–16.00 **Dagskrárlök og undirbúningur skógarferðar.**
- *****
- 19.30 **Móttaka í Höllinni, Húsmæðraskólanum.**
- 20.30 **Hátíðarkvöldverður í Hallormsstaðaskóla.**



Aðalfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi Sunnudagur 17. maí

Dagskrá

9.30–9.40	Orð til umhugsunar
9.40–10.00	Ávarp fyrirverandi alþjóðaforseta Jacklynn Cuppy
10.00	Venjuleg aðalfundarstörf Kosning fundarstjóra Kosning tveggja fundarritara Skýrsla stjórnar – umræður Reikningar lagðir fram - umræður Árgjald ákveðið Fjárhagsáætlun lögð fram – umræður Skýrslur nefnda Skýrslur deilda (3 mín. hver deild) Kosning forseta landssambands Kosning annarra stjórnarmanna landssambands Kosning í fjárhagsnefnd og uppstillingarnefnd Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga Lagabreytingar Ályktanir og tillögur sem berast til landssambandsþings

Önnur mál

Skýrslum deilda verður stungið inn á milli dagskrárliða aðalfundarins.

Þinglok

Áætlað er að fundi ljúki um kl. 12.00 og hádegisverður verði snæddur um kl. 12:30.



Fréttir af starfi deilda - Kappadeild

Við höldum jólafundinn okkar á glæsilegu heimili Sigríðar Johnsen í Mosfellsbænum þann 20. nóvember 2008. Sigríður hafði skreytt hús sitt hátt og lágt og komum við flestar í finni rútu til hennar. Hún býr efst í Mosfellsbænum, en það mátti sjá jóla-ljósín lýsa frá heimili hennar langar leiðir. Aðal tromp fundarins var leynigesturinn, en hann birtist í górillaubúningi og upphófust getgátur og spurningar hver þetta skyldi nú vera, en gesturinn svaraði með jái eða nei! Að lokum komumst við að því að þetta var engin önnur en Diddú okkar, sem leyndist inni í górillaunni. Við vorum svo heppnar að fá hana til okkar, en Diddú býr einnig í Mosfellsbænum og ákvað hún að verja þessu dýrmæta kvöldi með okkur.

Diddú sagði okkur frá ævintýri sínu með rússnesku hljómsveitinni Tarem, sem hún komst í kynni við fyrir þremur árum. Hún hafði ætlað sér að hætta að syngja þegar hún yrði fimm tug, en með kynnum sínum af „drengrunum“ í Tarem hófst nýr kafli í lífi hennar og nú syngur hún með þeim út um allan heim. Hún er meira að segja búin að syngja með þeim í Kreml, sem aðeins örfáir hafa aðgang að. Lýsti hún því hversu agaðir og fagmannlegir meðlimir Tarem eru, en æfingar þeirra taka lungann úr deginum er þau hittast. Sagði hún að Rússar væru heillaðir af íslenskum sönglögum og skyldi engan undra. Þau gáfu nýverið út geisladisk með íslenskum og erlendum lögum, en hún stefnir ótraud að því að halda áfram að syngja með þeim.

Diddú rakti síðan ævi sína og hvernig hún leiddist út í söngnám. Hún sagði að persónuleiki og skapgerð söngvara skipti miklu máli, en hún telur sig hafa erfitt gott geðslag frá móður sinni. Hún sagði okkur frá ýmsum eftirminnilegum atvikum í lífi sínu eins og að fá tækifæri til að syngja með góðu fólki sem gefur mikið af sér. Nefndi hún t.d. José Carreras, en ekkert er eins örvandi eins og að syngja með ungum jafnt sem öldnum.

Að lokum seldi hún okkur ógrynni af geisladiskum, sem hún áritaði á alla vegu og birgðirnar bara kláruðust. Teknar voru niður pantanir, sem hún kom síðan til okkar. Hún heillaði okkur allar algjörlega upp úr skónum, tók meira að segja lagið fyrir okkur og að endingu bundumst við enn betri vinaböndum og sungum með sjálfri söngdrottningunni. Þessi kvöldstund mun lifa með okkur um aldur og ævi.



Fréttir af starfi deilda - Iotadeild

Fyrsti fundur haustsins var haldinn í Heydal í Mjóafirði í byrjun október. Í Heydal býr Stella Guðmundsdóttir í Gammadeild en það var einmitt hún sem við vildum heimsækja og heyra um hennar reynslu af starfinu í DKG. Nokkrar okkar höfðu átt sameiginlegan fund haustið 2005 með Gammadeild í Heydal, þar sem við kynntumst aðeins þeirri skemmtilegu deild þar sem samheldni er til fyrirmyndar. Stella rekur þarna ferðaþjónustu og við gengum um landareignina, gróðursettum tré í Pálmalund og borðuðum kvöldverð áður en var haldið heim.

Í lok október var næsti fundur haldinn, í Fjölmenningssetri þar sem Elsa Arnardóttir framkvæmdastjóri og félagskona okkar kynnti starfsemina. Fjölmenningssetur hefur m.a. það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi, eða vilja flytja hingað erlendis frá. Upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur í starfseminni. Fjölmenningssetrið var stofnað árið 2001 og þar vinna nú sjö starfsmenn. Fjölmenningssetrið er í húsnaði Þróunarseturs Vestfjarða og skoðuðum við húsið með leiðsögn Elsu, en þar eru margar stofnanir svo sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Hafrannsóknastofnun og Háskólasetur Vestfjarða, skemmtileg blanda þar sem mikil þekking kemur saman.

Jólafundurinn var haldinn í lok nóvember í Faktorshúsi, einu af gömlu húsunum í Neðstakaupstað (byggt árið 1765) sem er heimili Jónu Símoníu. Þar svifu gömlu jólin yfir vötnum, borðuð kjötsúpa með baunastöppu sem var algengur matur á íslenskum heimilum á aðfangadag fyrir einni öld, og lesnar jólasögur frá sama tíma. Svo var tekið lagið, Bryndís Friðgeirsdóttir mætti með gítar og áttum við skemmtilega kvöldstund.

Komin er hefð á að janúarfundurinn sé bókafundur og var hann haldinn á heimili Eddu Bjargar Kristmundsdóttur. Konurnar í Jótadeild eru áhugasamar um bókmenntir og eru þessir fundir alltaf skemmtilegir og áhugaverðir. Gestur okkar á fundinum var Herdís Hübner, grunnskólakennari og þýðandi, og las hún úr nýjustu þýðingu sinni sem er bókin *Borða, biðja, elska*.

Febrúarfundurinn var haldinn í Menntaskólanum á Ísafirði, að kvöldi bolludags, en einmitt þá eru ýmsar verur og vættir á kreiki á Ísafirði sem ganga í hús og syngja og fá sælgæti að launum. En þetta kvöld var fundarefnið kynning á Háskólasetrinu og var það Marta Lilja Marthensdóttir kennslustjóri sem sagði okkur frá starfinu þar. Háskólasetur hóf starfsemi árið 2006.



Setrið sér um fjarnám og frumgreinanám og nú síðasta haust hófst kennsla á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Jótakonur fóru í heimsókn í Háskólasetrið þegar það var nýstofnað og það var gaman að heyra um alla starfsemina sem komin er í gang á þessum stutta tíma og margt er í bígerð.

Marsfundinn sem átti að vera þann 30. varð að fella niður en þá brast á með snjókomu og ófærð og stutt í páska svo ekki var hægt að færa hann til. Aprílfundurinn sem er líka síðasti fundur vetrarins verður haldinn í Bolungarvík en fjórar af Jótakonum eru búsettar þar. Við ætlum að skoða Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrugripasafnið sem eru í sama húsnæði. Það er alltaf gaman að koma til Bolungarvíkur og sambandið verður enn betra eftir eitt ár þegar jarðgöngin verða komin í gagnið.

Kveðja,
Edda



*Ritnefnd Fréttabréfs DKG að störfum
Jótakonunnar Sigríður, Bryndís og Jóna*

Fréttir af starfi deilda - Þetadeild

Þema vetrarins var menning og listir þar sem sérstök áhersla var lögð á að skoða hvernig nemendum á Suðurnesjum eru kynntar þessar greinar. Þegar þetta er skrifað hafa fjórir fundir verið haldnir og sá fimmti með leikhúsférf framundan.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í Listasafni Reykjanesbæjar 6. október og erindi kvöldins hélt Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður. Hún leiddi Þetakonur um sýningu sína og lagði m.a. áherslu á að nauðsynlegt væri að auka kennslu í sjónlistum á öllum skólastigum. Fram kom í kynningu formanns að safnkennari er við störf hjá Listasafninu og í skipulögðum skólaheimsóknum var búið að taka á móti rúmlega 500 nemendum á þessa sýningu Ilmar. Sigrún Ásta Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar og fjallaði um þema vetrarins og tengdi það við fræðslu. Hún sagði m.a. að fræðsla um menningu og listir í skóla væri aðgangsmiði að menningu síðar á ævinni, ef börn venjast því í skóla að fara á listsýningar þá kunna þau að njóta þess þegar þau eru orðin fullorðin. Það að geta notið menningar gerir okkur að sterkari manneskjum, menning og listir eru vinir í raun.

Árið 2008 var afmælisár hjá Þetadeild því 26. nóvember n.k. voru 10 ár liðin frá því að deildin var stofnuð. Haldinn var sérstakur afmælisfundur heima hjá formanni og meginþema fundarins var tónlist. Gestir frá landsambandsstjórn DKG voru Guðný Helgadóttir og Ingibjörg Einarsdóttir og ávörpuðu þær báðar fundinn. Ungur nemandi úr Tónlistarskóla Reykjanesbæjar lék á píanó og fyrirlesari kvöldsins, Karen Sturlaugsson aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans ræddi um gildi tónlistar í samfélaginu, sagði frá rannsóknum á árangri tónlistarnemenda í öðru námi og sagði svo að lokum frá ferð Lúðrasveitar Tónlistarskólans til Bandaríkjanna. Karen sagði að þó mikil vinna færi í að undirbúa slíkar ferðir, þessi ferð var þrjú ár í undirbúningi, þá væri ávinningurinn mikill því nemendum fer mikið fram og ráða við flóknari verkefni fyrir utan lífsreynsluna sem þeir fá. Bryndís Björk Guðmundsdóttir flutti orð til umhugsunar og ræddi um menntun. Hún sagði frá ráðstefnu sem hún sótti nýlega þar sem m.a. var rætt um að í ljósi efnahagsástandsins mættum við ekki ala upp hrædda kynslóð eða missa menntað fólk úr landi (spekileki). Í lok kvöldsins var nýr vefur Þetadeildar opnaður formlega. Fundinum lauk svo með því að sunginn var Delta Kappa Gamma söngurinn eftir Herdísi Egilsdóttur við undirleik Geirþrúðar Bogadóttur.

Janúarfundurinn hefur í mörg ár verið tileinkaður bókmenntum hjá Þetadeildinni og að þessu sinni var fundurinn haldinn 13. janúar heima hjá gjaldkera deildarinnar Guðbjörgu Sveinsdóttur. Fundurinn fer alltaf fram þannig að hver og ein kona kynnir eina eða tvær bækur sem hún mælir með við okkur hinar. Oft eru þetta einhverjar uppáhaldsbækur eða nýútkomnar jólabækur. Kynntar voru 19 bækur á þessum fundi og sjá má listann á vef deildarinnar fyrir þær sem hafa áhuga. Þetta er ávallt einn skemmtilegasti fundur vetrarins og mælum við eindregið með þessu fundarefni fyrir aðrar deildir.



Mynd frá 10 ára afmælisfagnaði Þetadeildar

Fjórði fundur vetrarins var haldinn í Biósal Duushúsa miðvikudaginn 18. mars þar sem fundarefnið var sagan. Eftir að formaður hafði sett fundinn þá minnti hún á landssambandsþingið sem haldið verður á Egilsstöðum í maí og Evrópuþingið í Noregi í júní. Lára Guðmundsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún lagði út frá frétt í fjölmiðlum í vikunni um mótmæli grunnskólabarna að fá ekki að nota GSM síma í skólanum og ræddi um réttindi og skyldur. Börn og unglingar eru orðnir meðvitaðri um rétt sinn m.a. með þátttöku í nefnum og ráðum í skólum en ekki má gleyma skyldunum sem fylgja réttindum og frelsi. Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar og Björn G. Björnsson sýningarhönnuður kynntu nýja sýningu sem opnuð var á vegum Byggðasafnsins í Gryfjunni í Duushúsum þann 30. mars. Sýningin hefur hlotið nafnið Völlurinn og er um áhrif bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli á mannlífið á Suðurnesjum og störf íbúa á Vellinum. Björn gerði grein fyrir hugmyndafræðinni sem sýningin byggir á og lýsti hvernig sýning verður til. Umræður og ábendingar fundarkvenna bættu við hugmyndum í sarpinn fyrir loka-hönnun sýningarinnar og var viðstöddum öllum boðið formlega að vera við opnunina.

Fimmti fundur verður haldinn fimmtudaginn 16. maí og þá förum við í leikhús. Við ætlum að sjá Þrettándagleði Shakespears í meðförum Nemendaleikhússins og leikara Þjóðleikhússins. Við sendum svo öllum DKG systur sumarkveðjur og sjáumst sem flestar, hressar og kátar á Egilsstöðum 15. maí.

Bestu kveðjur
Valgerður Guðmundsdótti
Formaður Þetadeildar

Fréttir af starfi deilda - Betadeild

Vetrarstarf Betadeildar hefur verið líflegt að vanda. Eins og greint var frá í síðasta fréttabréfi byrjuðum við vetrarstarfið á því að bjóða til okkar skólastjóra leikskólans Króabóls hér á Akureyri sem kynnti fyrir okkur þróunarverkefni sem skólinn vann að og fékk viðurkenningu fyrir, en viðurkenningin veitir þeim rétt til að kalla sig *heilsuleikskóli*.

Sameiginlegur fundur Zeta- og Betadeildar var svo haldinn laugardaginn 4. október í Mývatnssveit og var ákaflega vel lukkaður. Fundurinn hófst með sameiginlegu borðhaldi og undir borðum var slegið á léttu strengi ásamt því að landssambandsforseti flutti okkur fréttir af starfi landssambandsins. Að borðhaldi loknu fórum við í stutta gönguferð og nutum hinnar fögru náttúru Mývatnssveitar. Ferðin endaði svo á heimsókn í fuglasafn Sigurgeirs.



Nýir félagar teknir inn í deildina



Jólafundurinn okkar var hátíðlegur að vanda. Hann hófst með því að tveir nýir félagar voru teknir inn í deildina. Það er orðin einskonar hefð á jólafundum að fá til okkar gesti sem kynna fyrir okkur jóla- eða trúarsíði annarra þjóða. Að þessu sinni var gestur okkar Deborah Julia Robinson frá Suður Afríku en hún býr í Eyjafjarðarsveit og hefur búið á Íslandi í 20 ár. Hún las frumsamda sögu um minningar sínar frá jólum í Suður Afríku þegar hún var 10 ára gömul. Þar koma fram ýmsir jólasíðir og hefðir sem tengjast jólum þar í landi sem hún útskýrði nánar og bætti við frásögnina. Að vanda snæddum við saman ljúffengar „jólakrásir“ og rifjuðum upp jólalöginn inn á milli atriða.

Bókafundurinn okkar í janúar var vel sóttur. Kynntar voru fjölmargar áhugaverðar bækur og má sjá listann yfir þær bækur sem kynntar voru á heimasíðu Betadeildar: http://dkg.muna.is/betadeild/page/beta_bokafundur Þar sem Betasystur eru miklir „lestrarhestar“ en ekki fannst rúm fyrir „leshringsfund“ í vetrardagskránni er meiningin að hittast óformlega á kaffihúsi seinnihluta apríl-mánaðar og ræða þær tvær bækur sem valdar voru fyrir þetta tilefni.

Á febrúarfundi komu til okkar tveir iðjuþjálfar sem starfa í grunnskólum hér á Akureyri. Þær kynntu fyrir okkur þá fjölbreyttu starfsemi sem iðjuþjálfar hafa með höndum í þeim grunnskólum sem þjóða upp á þjónustu iðjuþjálfara.

Á marsfundinum er svo ætlunin að beina athyglinni svolítið inn á við og mun gestur okkar á þeim fundi kynna fyrir okkur hvernig við getum ræktað með okkur jákvætt hugarfar til hagsbóta fyrir okkur sjálfar og umhverfi okkar.

Þar sem maímánuður er upptekin fyrir landssambandsþing verður aðalfundur Betadeildar sem jafnframt er lokafundur þessa vetrar ekki haldinn fyrr en 5. júní. Hann verður haldinn í heimahúsi og er venjan sú að Betasystur slá í púkk með veitingar og sýna þá gjarnan sín bestu tilþrif í matargerð. Er því ekki örgrannt um að Betasystur séu strax farnar að hlakka til ☺.

Landssambandsþingið er okkur að sjálfsögðu ofarlega í huga þessa dagana og er ætlunin að reyna að fjölmenna í Hallormsstað. Einnig hafa nokkrar Betasystur hug á að sækja Evrópuþingið sem haldið verður í Osló 5.-8. ágúst. Vonumst við að sjálf-sögðu eftir að hitta sem flestar Delta Kappa Gamma systur á báðum þessum þingum.

Með kveðju
Stjórn Betadeildar.

Fréttir af starfi deilda - Epsilondeild

Starf Epsilondeildar DKG á Suðurlandi var með hefðbundum hætti starfsárið 2008-9. Markmið deildarinnar er að kynna sér og fylgjast með því sem gerist í menntamálum heima í héraði. Út frá þessu er fundadagskráin ákveðin.

Fyrsti fundur deildarinnar var haldinn á Flúðum 9. október 2008.

Guðmundur Magnússon kynnti verkefnið "Tálgað í tré" á verkstæði sínu. Guðmundur sagði frá því hvernig hann kynntist þeirri aðferð sem nefnist tálgun með læstu gripi. En með þeirri aðferð slasast færri og afköstin verða meiri. Hann sýndi okkur verk eftir sig og sagði frá kennsu sinni og hvernig hann kom þessu verkefni á koppinn. Í lokin fengu systur að spreyta sig á aðferðinni.

Fundi var haldið áfram á Hótel Flúðum. Þar flutti Sigríður Guttormsdóttir orð til umhugsunar. Sextán systur mættu.

Annar fundur deildarinnar var haldinn á Selfossi þann 29. nóvember 2008.

Á þann fund kom tónlistarkennarinn Stefán Þorleifsson og fjallaði um tónlistarkennslu vítt og breitt. Hann sagði hvaða leið hann fór sjálfur í tónlistarnámi. Ennfremur sagði hann frá tónlistarskólanum sínum og frá starfi sínu sem stjórnandi kórs Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hann gaf tónðæmi, lét systur syngja og rúsínan í pýsluendann var þegar hann lét systurnar standa í hring upp á sviði með prik og slá taktinn í gólfíð. Fundi var síðan haldið áfram á Kaffi Krús á Selfossi.

Þriðji fundur deildarinnar var haldinn á Kríunni í landi Glóru í nágrenni Selfoss 31. janúar 2009.

Fyrsti fundur eftir jól er alltaf svokallaður "bókafundur" og hlakka systur alla jafna mikið til hans. Á þennan fund mættu 14 systur og 3 gestir. Eftir hefðbundin fundarstörf og orð til umhugsunar sem að þessu sinni voru tvö ljóð flutt af Rósu Mörtu Guðnadóttur hófst svo bókaumræðan. Á bókafundum segja systur frá bók eða bókum sem þær hafa nýlega lesið og vilja deila innihaldi með.

Fjórði fundur vetrarins var haldinn í Hveragerði 1. apríl 2009.

Á fundinum kynnti Sigríður Sigurgeirsdóttir Meistaraverkefni sitt í lýðheilsufræðum við HR sem heitir "Skólastrákar á Suðurlandi". Í verkefninu velti hún því fyrir sér hvers vegna strákum liði ekki vel í skólum en fjöldi rannsókna hefur einmitt leitt það í ljós. Í verkefninu tók Sigríður viðtöl við 10 stráka og annað foreldri hvers þeirra.

Niðurstöður hennar benda m.a. til þess að grunnskólar sinni þörfum drengja ekki nógu vel, þeir vilji meiri verklega kennslu, skapandi störf og að dregið sé úr tvöföldum kennslustundum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að kynjamunur sé í námi og námsáhuga og að agaleysi viðgangist. Athygli vakti að strákar áttu í erfiðleikum með að skilgreina hvað væri að vera strákur og í hverju karlmennska væri fólgin.

Á fundinn mættu 16 systur og 2 gestir.

Þegar þetta er skrifað eru tveir atburðir framundan.

Þann 30. apríl hyggst deildin halda upp á 20 ára afmæli sitt með hátíðarkvöldverði á Hótel Eldhestum í Ölfusi.

Í maí er boðað til fundar í Þorlákshöfn þar sem ný íþróttamannvirki bæjarins verða skoðuð. En þar var Ungmennalandsmót UMFÍ haldið síðastliðið sumar.



Fréttir af starfi deilda - Etadeild

Sjálfböðin aðstoð við heimanám erlendra nemenda.

Á fundi ETA-deildar haustið 2006 urðu nokkrar umræður um starfið í deildinni, markmið og inntak þess. Upp úr þessu hófust skipulegar umræður um framtíðarstefnu okkar til næstu ára og í framhaldinu var deildarkonum skipt í hópa eftir viðfangsefnum. Starf deildarinnar hefur verið með ágætum þennan veturinn og þátttaka deildarkvenna í fundum, undirbúningi þeirra og skipulagi verið með ágætum. Hóparnir hafa valið fjölbreyttar leiðir til að vinna að markmiðum deildarinnar og efni funda verið fróðlegt og uppbyggjandi og orð til umhugsunar stutt vel við markmið fundarins. Dreifð stjórn á undirbúningi fundanna eflir samstarf deildarsystra, auðgar og styrkir kynni okkar í milli.

Einn þessara hópa hafði það hlutverk að skoða hvernig deildin gæti komið að verkefnum utan deildar og látið þannig gott af sér leiða. Áður höfðu komið fram hugmyndir um stýðja á einhvern hátt við nýbúa og þessi hópur gerði tillögu um að þeirri hugmynd yrði komið í ákveðinn farveg.

Þann 21. janúar 2009 var haldinn deildarfundur sem var í umsjón umrædds hóps. Til þessa fundar var boðið fulltrúum frá Rauða krossinum, Breiðholtsdeild Alþjóðahúss og Borgarbókasafni Gerðubergi. Þau skýrðu frá tilraunaverkefni sem verið væri að hleypa af stokkunum um aðstoð við heimanám barna af erlendum uppruna. Verkefnið hefur hlotið heitið Heilahristingur. Erindi þeirra vakti mikinn áhuga deildarkvenna og sáu þær ýmsa fleti á því að koma að þessu verkefni sem faglegur bakhjarl þar sem í deildinni okkar er mikil sérfræðipekking samankomin. Að loknu erindi gestanna var borin fram eftirfarandi tillaga hópsins:

„Etadeild DKG taki með skipulegum hætti þátt í að afla sjálfböðaliða í verkefnið HEILAHRISTINGUR sem starfrækt verður í Gerðubergssafni Borgarbókasafns á vorönn 2009. Leitað verði til félagskvenna í DKG á höfuðborgarsvæðinu og tengslanets þeirra.“

Tillagan var samþykkt og var Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur falið að vera tengiliður og Auði Torfadóttur falið að vera með henni og lýstu þær sig báðar tilbúnar að taka beinan þátt í að aðstoða við heimanám og fleiri lýstu áhuga á þátttöku í því síðar. Brynhildur Ragnarsdóttir og Guðrún Geirsdóttir komu á einn fund með skipuleggjendum verkefnisins og úr varð að Guðrún kynnti verkefnið fyrir nemendum sínum í Háskóla Íslands með það fyrir augum að þeir tækju að sér sjálfböðaliðastörf í verkefninu. Nú þegar hafa nokkrir þeirra skilað sér



Verkefnið hefur farið rólega af stað. Um er að ræða nemendur á unglíngastigi í Fella-skóla og Hólabrekkuskóla, en í bígerð er að koma af stað sambærilegri þjónustu fyrir nemendur á miðstigi. Í fyrstu var haldinn kynningarfundur og mættu þar velflestir þeirra nemenda sem boðaðir höfðu verið. Aðstoðin er veitt í bókasafninu Gerðubergi á þriðjudögum kl. 14:30 – 16:00 og í lokin eru veitingar þar sem tækifæri gefst til að spjalla óformlega. Fyrstu skiptin var lagt upp úr því að skapa traust og gott andrúmsloft. Nemendur sem leita aðstoðar eru frá ýmsum löndum og hafa mismunandi bakgrunn hvað íslenskukunnáttu varðar. Sumir hafa náð undraverðum árangri, aðrir hafa verið hér á landi um skamma hríð og standa því höllum fæti. Það hefur nú þegar myndast fastur kjarni, en æskilegt að ná til fleiri.

Auk okkar ETA-kvenna og sjálfboðaliða úr HÍ eru aðrir sjálfboðaliðar að störfum og ef verkefnið eykst að umfangi verður þörf fyrir enn fleiri sjálfboðaliða. Fyrir okkur sem höfum tekið þátt í verkefninu hefur þetta verið mjög ánægjuleg reynsla sem við sjáum bera árangur. Þarna hefur ETA- deild fundið sér verðugt verkefni.

Á næsta fundi deildarinnar, 28. apríl verður litið til fortíðar, Arbæjarsafn skoðað og fundur haldinn í Dillons húsi.



*Auður Torfadóttir og Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, tengiliðir ETA-deildar við verkefnið **Heilahristingur** með einum af forsvarsmönnum verkefnisins, Þór Gíslassyni, verkefnastjóra hjá Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands.*

Fréttir af starfi deilda - Alfadeild

Það er tekið að vora og vetrarstarfi í Alfadeild er lokið.

Endahnúturinn var bundinn með sameiginlegum fundi Alfadeildar og Kappadeildar, elstu og yngstu deildanna í samtökunum, í lok mars. Fundurinn var haldinn í Hval-eyrarskóla og var vel sóttur, bæði fróðlegur og skemmtilegur, en það sem stóð upp úr var að hitta hressar og áhugasamar konur úr Kappadeild og koma að borði hroðnu veitingum. Fyrirlesari var Eyþór Eðvaldsson vinnusálfræðingur sem fjallaði um áhrif kreppu á mannsálina og hvernig bregðast megi við streitueinkennum. Margt af því hljómaði kunnuglega en góð vísa er sjaldan of oft kveðin. Konur fóru hinar ánægðustu til síns heima en nokkrar höfðu átt í basli með að finna skólann og þótti sumum hann býsna vel varinn öðrum en innfæddum Hafnfirðingum! Þessi fundur var sá þriðji frá áramótum en hinir fundirnir voru haldnir í lok janúar og lok febrúar. Á janúarfundinum voru fjórar nýjar konur teknar inn í deildina en þær Ágústa Guðmundsdóttir prófessor við HÍ, Erna Jessen háskólakennari, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri og Kristín Hildur Ólafsdóttir leikskólakennari. Auk þess hafa tvær konur til viðbótar komið til liðs við deildina í vetur þær Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri, sem áður var í Þetadeild og Kristín Björk Gunnarsdóttir, leikskólakennari, sem áður var í Zetadeild. Konur í Alfadeild telja sig lánsamar að hafa fengið þær til liðs við sig og hlakka til samstarfs á næstu árum.

Fundurinn í febrúar var hinn fróðlegasti var gerð grein fyrir rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum. Bryndís Víglundsdóttir stóð fyrir henni ásamt Amalíu Gunnarsdóttur, Auði Torfadóttur og Ingibjörgu Hjartardóttur og bar hún heitið: Framlag aldraðra til þjóðfélagsins. Spjallið um rannsóknina, en aðalframsögu höfðu þær Amalía og Ingibjörg, var hið fróðlegasta og umræður urðu fjörugar að erindi loknu. Umræðan vakti konur til vitundar um ýmsa þætti, um margt var spurt og margar sögur komu uppá yfirborðið. Enda er það oft svo að rannsóknir vekja fleiri spurningar en svörin sem hún veitir.

Af þessu stuttaralega spjalli má vonandi sjá að starfið í Alfadeild gengur vel og vonandi koma konur keikar og glaðar til starfa að hausti.

Bestu kveðjur
Erna Árnadóttir



Fréttir af starfi deilda - Gammadeild

Starfið í vetur hefur gengið vel og höfum við fræðst um margt skemmtilegt og áhugavert. Mæting hefur verið einstaklega góð eins og reyndar alltaf í Gammadeild.

Áherslan nú eftir áramót hefur verið á jafnréttismál og konum í stjórnun

Jólafundurinn var með hefðbundnu sniði þann 3. desember.

Rithöfundurinn Álfrún Gunnlaugsdóttir kom í heimsókn og las úr nýútkominni bók sinni Rán. Góður rómur var gerður að lestrinum og hlökkudu margar konur til að lesa bókina. Orð til umhugsunar flutti Bryndís Steindórsdóttir og fjallaði um matarsíði á jólum fyrr og nú og var það mjög skemmtilegt. Allir komu með eitthvað gott á kaffiborðið sem var glæsilegt. Að lokum sungum við jólalögin.

Mánudaginn 19. janúar var umfjöllunarefnið jafnréttislög og nýjar áherslur í þeim. Árný Elíasdóttir Gammakona var með framsögu og sagði frá helstu nýjungum í lögnum. Eftir það var hópavinna þar sem lögin voru rædd frá ýmsum sjónarhornum og hverjar væru framtíðarhorfurnar fyrir jafnrétti á Íslandi, ekki bara í lögum heldur líka í reynd. Í lok fundar skiluðu hópar niðurstöðum og málin voru rædd. Þetta var mjög góður fundur og finnst okkur gaman að hafa stundum fundi þar sem rætt er í hópum um ákveðið málefni. Það gefur fleirum tækifæri til að tjá sig og skoðanaskipti verða mikil.

Þriðjudaginn 10. febrúar vorum við boðnar í Háskólann í Reykjavík.

Á móti okkur tók Svafa Grönfeldt rektor skólans. Hún ræddi við okkur um sig og starfsferil sinn í stuttu máli. Þar á meðal um hvernig væri að vera stjórnandi í Háskólanum í Reykjavík. Aðalinntak erindis hennar var um hvernig góður stjórnandi er hvort sem hann er karl eða kona. Ýmislegt fleira bar á góma og urðu skemmtilegar umræður um erindið. Orð til umhugsunar flutti Kristín Jónsdóttir og ræddi hún um hvernig kennarar geta hjálpað nemendum sínum við að læra og vitnaði í skemmtilega ritgerð eftir nemanda sinn á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Mjög gaman var í þessari heimsókn.

Fimmtudaginn 19. mars fengum við góðan gest til okkar til að fjalla áfram um konur og stjórnun. Þórána Jónsdóttir yfirmaður samskipsviðs Auðar Capital var með framsögu. Hún sagði frá sér og sínum ferli en talaði mest um fyrirtækið sem hún starfar hjá, Auður Capital, og hver er hugmyndafræðin sem þær stöllur sem eru þar í forsvari leggja til grundvallar í sínum rekstri. Hún ræddi einnig um gengi fyrirtækisins í krep-punni og mikla umfjöllun um það í erlendum fjölmiðlum. Allt var þetta mjög fróðlegt og áhugavert og fannst mörgum Gammakonum að þarna væri alla vega einn ljós punktur í efnahagsástandinu.

Sigríður Jónsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um hvort við værum að verja tímanum í grunnskólanum viturlega með nemendum okkar.

Næsti fundur og sá síðasti í vetur verður 27. maí. Þá ætlum við í fræðslu- og skemmtiferð Suður með sjó.

Bestu kveðjur Björg Eiríksdóttir
formaður Gammadeildar

Ljúfur þeyr

Ljúfur þeyr í lofti er,
lifnar allt og fer á kreik,
barnaskari í skólann fer,
skiptist á með nám og leik.
Margt er sér til gamans gert,
gáfulegt og mikilsvert,
allra barna eyru sperrt,
því ævintýr er fótspor hvert.

Herdís Egilsdóttir
Alfaveild

Ljóðið má syngja við Do - re - mí lagið úr Söngvaseið

Námskeið fyrir fólk í kennslu - og uppeldisstörfum

Félagið Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar hefur forgöngu um að fá Joel Shimnjoí fyrirlesara frá Kanada til Íslands í ágúst. Joel mun verða með námskeiðið Restitution II í Brekkuskóla á Akureyri dagana 13. og 14. ágúst og sérsniðið námskeið fyrir unglíngastígskenndara í Ingunnarskóla í Reykjavík 15. ágúst. Joel mun einnig halda námskeið í Lágafells-skóla í Mosfellsbæ. Joel sem er unglíngastígskenndari hefur leiðbeint mörgum kenndurum við að virkja unglínga betur í námi sínu. Upplýsingar um skráningar á námskeiðin munu birtast í næstu Skólavörðu.



Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum

